

Dóminum skal fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaadför.

Mánudaginn 17. ágústmánaðar.

Nr. 12/1896.

Árni Eypórsson og
Þórður Guðmundsson
gegn
Guðna Jónssyni og
Pjetri Pjeturssyni.

Dómur:

Mál þetta er höfðað í hjerði af bændunum Guðna Jónssyni og Pjetri Pjeturssyni gegn verzlunarmanni Árna Eypórssyni og útvegsbónda Þórði Guðmundssyni út af vanskilum á andvirði skips og segla, er hinir fyrnefndu höfðu selt hinum síðarnefndu með kaupsamningi 31. desbr. 1894. Var málið dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 27. febr. þ. á. með þeim úrslitum, að Árni Eypórsson, og Þórður Guðmundsson voru skyldaðir til að greiða Guðna Jónssyni og Pjetri Pjeturssyni gegn afhendingu 4 tiltekinna segla 440 kr. 64 a. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags. Málskostnaður var látinn falla niður.

Þessum dómi hafa þeir Árni Eypórsson og Þórður Guðmundsson áfrýjað til landsyfirrjettarins með stefnu 4. marz þ. á. og krafizt, að bæjarþingsdómurinn verði úr gildi felldur og honum breytt þannig, að þeir verði algjörlega sýknaðir af kærnum og kröfum hinna stefndu, og að hinir

stefndu verði dæmdir til að greiða 100 kr. í málskostnað fyrir báðum rjettum. Hins vegar hafa hinir stefndu krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendurnir dæmdir til að greiða þeim allan málskostnað að skaðlausu eða með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati.

Eins og málið liggur fyrir landsyfirrjettinum, er að eins að ræða um, hvort áfrýjendurnir sjeu skyldir til að greiða andvirði 4 segla, er þeir með skilyrðum höfðu lofað að kaupa af hinum stefndu eptir viðaukasamningi 31. des. 1894.

Málsatvik eru þessi: Með kaupsamningi 31. des. 1894 keyptu áfrýjendurnir laskað skip, nefnt Sleipnir, af hinum stefndu, og með viðaukasamningi dags. s. d. skuldbundu þeir sig til að kaupa 4 segl, er hinir stefndu höfðu pantað til nefnds skips frá Noregi, með þeim skilyrðum, að seglin væru forsvaranlega gjörð, hæfileg á skipið, og með því verði, sem hjer er vanalegt fyrir þesskonar segl. Seglin komu frá Noregi seint í janúarmánuði 1895; tóku áfrýjendurnir við þeim og höfðu þau í vörzlum sínum um tíma; en 15. febr. næst eptir neituðu áfrýjendurnir að kaupa seglin og tók umbodsmáður hins norska seglsala þau þá til sín, án þess að hinum stefndu væri kunnugt um það, og auglýsti þau til kaups, fyrir þá sök að hann áleit að seglin væru í sinni ábyrgð og undir sinni ráðstöfun úr því að áfrýjendurnir vildu ekki taka við þeim. Ástæður þær, sem áfrýjendurnir hafa borið fram til rjettlættingar undanfærslu sinni frá að kaupa seglin, eru, að seglin

hafi ekki verið forsvaranlega gjörð, að þeir hafi ekki átt kost á að máta þau á skipið, er hafi legið reiðalaust uppi í fjöru, og að verðið á þeim sje of hátt. Þar að auki telja þeir það atvik, að umboðsmaður hins norska seljanda hafi tekið seglin frá þeim, vera næga ástæðu fyrir þá til að líta svo á, að þeir fyrir þá sök væru lausir allra mála með seglakaupin. Hvað þetta síðastnefnda atriði snertir, þá getur yfirdómurinn ekki fallizt á að svo hafi verið, því seglin voru ekki tekin frá þeim fyrir en eptir að þeir höfðu lýst því yfir, að þeir ætluðu ekki að kaupa þau, enda var það ekki gjört eptir fyrirmælum og ekki einu sinni með vitund hinna stefndu. Að því snertir útbúning, stærð og verð seglanna, sem voru 4, skal það tekið fram, sem nú segir:

Viðvikjandi stærð og lögun seglanna hafa áfrýjendurnir eigi getað sýnt fram á það með rökum, að þau væru ekki hæfileg á Sleipni. Og með því að þeir, þótt seglin stæðu þeim til boða, ekki hafa borið þau við skipið eða mælt þau og borið saman við þau segl, sem fylgdu skipinu, en það hlaut þeim að vera innan handar, og hins vegar hefur verið tekin ábyrgð á, að seglin væru máтуleg á Sleipni, þá geta þeir ekki fyrir þá sök gengið frá kaupunum. Að því snertir útbúning og verð seglanna, þá hafa 2 menn, sem skyn bera á, og skoðað hafa seglin, lýst því yfir og seinna staðfest skýrslu sína fyrir rjetti, að ekkert hafi verið út á 2 hin stærri seglin að setja, en fundið lítill háttar að útbúningi minni seglanna; er það þó

jafnframt komið fram í málinu, að þau hafi verið útbúin eins og í Noregi tíðkast. Það verður því, þrátt fyrir þessa smágalla, ekki álitíð, að þau hafi verið óforsvaranlega gjörð, svo að áfrýjendurnir fyrir þá sök hafi getað neitað að kaupa seglin. Þeir hinir sömu skoðunarmenn hafa og lýst því yfir, að seglin, eins og þau eru, sjeu fullkomlega þess virði, sem sett hefur verið upp á þau. Það er að vísu komið fram í málinu, að 2 dómkvaddir menn hafi skoðað seglin og komizt að nokkuð annari niðurstöðu, en sú skoðunargjörð, sem ekki hefur verið lögð fram í málinu og ekki staðfest fyrir rjetti, getur í engu tilliti hnekkt álitsgjörð hinna annara 2 manna, sem er staðfest fyrir rjetti, og, að því er virðist, einnig tekin gild af áfrýjendunum.

Kröfur áfrýjendanna verða því ekki teknar til greina og ber því að staðfesta hinn áfrýjanda dóm. Eptir þessum úrslitum málsins ber áfrýjendunum að greiða hinum stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, sem þykir hæfilega metinn 25 kr.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjandi dómur á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir Árni Eypórsson og Þórður Guðmundsson greiði hinum stefndu Guðna Jónssyni og Pjetri Pjeturssyni málskostnað fyrir yfirdómi með 25 krónum.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans undir aðför að lögum.